

Nr. 26

5. júlí 2021

AUGLÝSING um endurviðtökusamning við Georgíu.

Hinn 22. september 2017 var í New York gerður samningur milli Íslands og Georgíu um endurviðtöku einstaklinga sem hafa búsetu án heimildar. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 5. júlí 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

Nr. 26

5. júlí 2021

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

**MILLI ÍSLANDS OG GEORGÍU UM
ENDURVIÐTÖKU EINSTAKLINGA
SEM HAFA BÚSETU ÁN HEIMILDAR**

ÍSLAND

og

GEORGÍA,

hér á eftir nefnd „samningsaðilar“,

SEM HAFA EINSETT SÉR að efla samstarf sín á milli í því skyni að stemma stigu við ólögglegum innflutningi fólks með árangursríkari aðferðum,

SEM HAFA Í HUGA hin nánu tengsl milli Íslands og Evrópusambandsins, einkum í krafti samningsins frá 18. maí 1999 sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna,

SEM HAFA HLIÐSJÓN AF samningnum milli Evrópusambandsins og Georgíu frá 22. nóvember 2010 um endurviðtöku,

SEM VÍSA TIL sameiginlegrar yfirlýsingar, sem fylgir fyrnefndum samningi, viðvíkjandi Íslandi og Noregi,

SEM VILJA, með samningi þessum og með gagnkvæmum hætti, innleiða árangursríkt og hraðvirkт verklag við að bera kennsl á og senda til baka, með öruggum og skipulegum hætti, einstaklinga sem uppfylla ekki, eða uppfylla ekki lengur, skilyrði fyrir komu inn á, viðveru á eða búsetu á yfirráðasvæðum Georgíu eða Íslands og greiða fyrir gegnumferð fyrnefndra einstaklinga í anda góðrar samvinnu,

SEM LEGGJA ÁHERSLU Á að samningur þessi hefur ekki áhrif á rétt, skuldbindingar og ábyrgð Íslands og Georgíu að þjóðarétti, einkum að því er varðar Evrópusáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsíss frá 4. nóvember 1950 og samninginn frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna,

SEM LEGGJA ÁHERSLU Á að samningur þessi hefur ekki áhrif á réttindi og málsmeðferðarrétt þeirra sem sæta endursendingarmálsmeðferð í öðru hvoru landanna tveggja eða sækja um hæli þar,

SEM LEGGJA ÁHERSLU Á að samningurinn byggist á meginreglunum um sameiginlega ábyrgð, samstöðu og jafnraði í samstarfi við að stýra straumi innflytjenda milli Georgíu og Íslands,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „samningsaðilar“ merkir Georgía og Ísland,
- b) „georgískur ríkisborgari“ merkir sérhvern þann einstakling sem hefur ríkisfang í Georgíu samkvæmt lögum þess ríkis,
- c) „íslenskur ríkisborgari“ merkir sérhvern þann einstakling sem hefur ríkisfang á Íslandi samkvæmt lögum þess,
- d) „ríkisborgari þriðja lands“ merkir hvern þann einstakling sem hefur ríkisfang annað en georgískt eða íslenskt,

- e) „ríkisfanglaus einstaklingur“ merkir sérhvern þann einstakling sem hefur ekki ríkisfang í neinu landi,
- f) „dvalarleyfi“ merkir hvers konar leyfi sem Georgía eða Ísland gefur út og heimilar einstaklingi að hafa búsetu á yfirráðasvæði þess. Frálinn eru bráðabirgðaleyfi til þess að dvelja á yfirráðasvæði fyrrnefndra ríkja í tengslum við meðferð hælisumsóknar eða umsóknar um dvalarleyfi,
- g) „vegaréfsáritun“ merkir heimild, sem Georgía eða Ísland gefur út eða ákvörðun sem Georgía eða Ísland tekur, sem nauðsynleg er vegna komu til eða gegnumferðar um yfirráðasvæði þess. Fráldalar eru vegaréfsáritanir til gegnumferðar um flughöfn.
- h) „ríki sem leggur fram beiðni“ merkir það ríki (Georgíu eða Ísland) sem leggur fram beiðni um endurviðtöku skv. 8. gr. eða beiðni um gegnumferð skv. 15. gr. samnings þessa,
- i) „ríki sem beiðni er beint til“ merkir það ríki (Georgía eða Ísland) sem beiðni um endurviðtöku skv. 8. gr. eða beiðni um gegnumferð skv. 15. gr. samnings þessa er beint til,
- j) „lögbært stjórnvald“ merkir hvert það innlenda stjórnvald í Georgíu eða á Íslandi sem falið er að annast framkvæmd samnings þessa í samræmi við 1. mgr. 20. gr. hans,
- k) „einstaklingur sem hefur búsetu án heimildar“ merkir sérhvern þann einstakling sem, í samræmi við viðeigandi málsmeðferðarreglur samkvæmt landslöggjöf, uppfyllir ekki, eða uppfyllir ekki lengur, skilyrði sem gilda um komu inn á, viðveru á eða búsetu á yfirráðasvæði Georgíu eða Íslands,
- l) „gegnumferð“ merkir ferð ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfanglauss einstaklings um yfirráðasvæði þess ríkis sem beiðni er beint til, meðan fór hans stendur yfir frá ríkinu, sem leggur fram beiðni, til ákvörðunarlands,
- m) „endurviðtaka“ merkir flutning ríkis, sem leggur fram beiðni, og viðtöku ríkis, sem beiðni er beint til, á einstaklingum (ríkisborgurum ríkisins, sem beiðni er beint til, ríkisborgurum þriðju landa eða ríkisfanglausum einstaklingum) sem ljóst er að hafa komið til, verið í eða haft búsetu í ríkinu, sem leggur fram beiðni, á ólöglegan hátt, í samræmi við ákvæði samnings þessa,
- n) „landamærastöð“ merkir hverja þá stöð sem ætluð er til að fara yfir landamæri Íslands eða Georgíu, þar með taldir alþjóðaflugvellar og hafnir við sjó,
- o) „landamærasvæði“ merkir yfirráðasvæði hafna við sjó, þar með talin tollsvæði, og alþjóðaflugvalla á Íslandi og í Georgíu.

2. gr.

Gildissvið.

1. Ákvæði þessa samnings skulu gilda um einstaklinga sem uppfylla ekki, eða uppfylla ekki lengur, skilyrði sem gilda um komu inn á, viðveru á eða búsetu á yfirráðasvæði Georgíu eða Íslands.
2. Beiting þessa samnings, þ.m.t. 1. mgr. þessarar greinar, hefur ekki áhrif á þá gerninga sem taldir eru upp í 18. gr.
3. Samningur þessi gildir ekki um ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfanglausa einstaklinga, eins og um getur í 4. og 6. gr., sem fóru frá yfirráðasvæði ríkisins, sem beiðni er beint til, meira en fimm árum áður en lögbær stjórvöld ríkisins, sem leggur fram beiðni, fékk vitneskju um slíka einstaklinga, nema unnt sé að sýna fram á, með skjölum sem talin eru upp í 3. viðauka, að skilyrði fyrir endurviðtöku þeirra til ríkisins, sem beiðni er beint til, eins og mælt er fyrir um í 4. og 6. gr., séu uppfyllt.

I. ÞÁTTUR**Skyldur Georgíu til endurviðtöku.**

3. gr.

Endurviðtaka eigin ríkisborgara.

1. Georgía skal, að fram kominni beiðni Íslands og án frekari formsatriða af hálfu Íslands en þeirra sem kveðið er á um í samningi þessum, taka aftur við öllum einstaklingum sem uppfylla ekki, eða uppfylla ekki lengur, skilyrði sem gilda, samkvæmt íslenskum lögum, um komu til, viðveru á eða búsetu á yfirráðasvæði Íslands, að því tilskildu að unnt sé að sýna fram á, í samræmi við 9. gr., að þeir séu georgískir ríkisborgrar.
2. Georgía skal enn fremur taka aftur við:

- ógiftum börnum þeirra einstaklinga sem tilgreindir eru í 1. mgr. þessarar greinar undir 18 ára aldri, án tillits til fæðingarstaðar þeirra eða ríkisfangs, nema þau hafi sjálfstæðan búseturétt á Íslandi eða hitt foreldrið hafi slíkan sjálfstæðan búseturétt, enda fari það með forsjá yfir börnunum sem um er að ræða,
 - mökum þeirra einstaklinga sem tilgreindir eru í 1. mgr. þessarar greinar, sem hafa annað ríkisfang, að því tilskildu að þeir hafi rétt til að koma til og dvelja á, eða öðlast rétt til að koma til og dvelja á, yfirráðasvæði Georgíu, nema þeir hafi sjálfstæðan búseturétt á Íslandi eða Georgía geti sýnt fram á að hjónaband þeirra sé ekki viðurkennt samkvæmt georgískum lögum.
3. Georgía skal einnig taka aftur við einstaklingum sem, í samræmi við georgísk lög, hafa verið sviptir, eða hafa afsalað sér, georgísku ríkisfangi frá því að þeir komu inn á yfirráðasvæði Íslands, nema Ísland hafi a.m.k. heitið þeim ríkisfangi.
 4. Eftir að Georgía hefur gefið jákvætt svar við beiðni um endurviðtöku eða, eftir því sem við á, eftir að frestirnir, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr., eru liðnir, skal til þess bær sendi- eða ræðisskrifstofa Georgíu, óháð vilja þess einstaklings sem til stendur að taka aftur við, gefa út, innan þriggja virkra daga, nauðsynleg ferðaskilríki vegna endursendingar þess einstaklings sem til stendur að taka aftur við og skal gildistími þess vera þrír mánuðir. Hafi Georgía ekki gefið ferðaskilríkin út innan þriggja virkra daga skal litið svo á að Georgía samþykki að notuð séu stöðluð ferðaskilríki vegna brottvísunar sem Ísland gefur út.
 5. Ef eigi reynist unnt, af lagalegum eða sannreyndum ástæðum, að flytja viðkomandi einstakling á gildistíma þeirra ferðaskilríkja sem voru upphaflega gefin út skal til þess bær sendi- eða ræðisskrifstofa Georgíu, innan þriggja virkra daga, gefa út ný ferðaskilríki með sama gildistíma. Hafi Georgía ekki gefið ferðaskilríkin út innan þriggja virkra daga skal litið svo á að Georgía samþykki að notuð séu stöðluð ferðaskilríki vegna brottvísunar sem Ísland gefur út.

4. gr.

Endurviðtaka ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga.

1. Georgía skal, að fram kominni beiðni Íslands og án frekari formsatriða af hálfu Íslands en þeirra sem kveðið er á um í samningi þessum, taka aftur við öllum ríkisborgurum þriðju landa eða ríkisfangslausum einstaklingum sem uppfylla ekki, eða uppfylla ekki lengur, skilyrði sem gilda um komu til, viðveru á eða búsetu á yfirráðasvæði Íslands, að því tilskildu að unnt sé að sýna fram á, í samræmi við 10. gr., að viðkomandi einstaklingar:
 - a) hafi, þegar beiðnin um endurviðtöku er lögð fram, gilda vegabréfsáritun sem Georgía hefur gefið út og komi til íslensks yfirráðasvæðis beint frá yfirráðasvæði Georgíu eða
 - b) hafi dvalarleyfi sem Georgía hefur gefið út eða
 - c) hafi komið ólöglega og beina leið inn á íslenskt yfirráðasvæði eftir dvöl á eða gegnumferð um yfirráðasvæði Georgíu.
2. Endurviðtökuskyldan skv. 1. mgr. þessarar greinar gildir ekki ef:
 - a) viðkomandi ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfanglaus einstaklingur hefur einungis farið um flugsvæði á alþjóðaflugvelli í Georgíu eða
 - b) Ísland hefur gefið út vegabréfsáritun til handa hlutaðeigandi ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi vegna komu á íslenskt yfirráðasvæði eða dvalarleyfi fyrir eða eftir komu hans inn á yfirráðasvæði þess, nema sá einstaklingur hafi vegabréfsáritun eða dvalarleyfi, sem Georgía hefur gefið út, sem hefur lengri gildistíma eða
 - c) hlutaðeigandi ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfanglaus einstaklingur hafði aðgang að yfirráðasvæði Íslands án vegabréfsáritunar,
 - d) ríkið, sem beiðni er beint til, hefur vísað viðkomandi ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi úr landi til upprunaríkis hans eða til þriðja ríkis.
3. Eftir að Georgía hefur gefið jákvætt svar við beiðni um endurviðtöku eða, eftir því sem við á, eftir að frestirnir, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr., eru liðnir skulu georgísk stjórnvöld, ef nauðsyn krefur, gefa út, innan þriggja virkra daga, nauðsynleg ferðaskilríki til handa einstaklingnum, sem samþykkt hefur verið að taka við aftur, svo að hann geti snúið aftur og skal gildistími þeirra vera allt að þrír mánuðir. Hafi Georgía ekki gefið ferðaskilríkin út innan þriggja virkra daga skal litið

svo á að Georgía samþykki að notuð séu stöðluð ferðaskilríki vegna brottvísunar sem Ísland gefur út.

4. Ef eigi reynist unnt, af lagalegum eða sannreyndum ástæðum, að flytja hlutaðeigandi einstakling á gildistíma þeirra ferðaskilríkja sem voru upphaflega gefin út skulu georgísk stjórnvöld framlengja, innan þriggja virkra daga, gildistíma ferðaskilríkjanna eða, ef nauðsyn krefur, gefa út ný ferðaskilríki með sama gildistíma. Hafi Georgía ekki gefið ferðaskilríkin út innan þriggja virkra daga skal litið svo á að Georgía samþykki að notuð séu stöðluð ferðaskilríki vegna brottvísunar sem Ísland gefur út.

II. ÞÁTTUR

Skylda Íslands til endurviðtöku.

5. gr.

Endurviðtaka eigin ríkisborgara.

1. Ísland skal, að fram kominni beiðni Georgíu og án frekari formsatriða af hálfu Georgíu en þeirra sem kveðið er á um í samningi þessum, taka aftur við öllum einstaklingum sem uppfylla ekki, eða uppfylla ekki lengur, skilyrði sem gilda, samkvæmt georgískum lögum, um komu til, viðveru á eða búsetu á yfirráðasvæði Georgíu, að því tilskildu að unnt sé að sýna fram á, í samræmi við 9. gr., að þeir séu íslenskir ríkisborgarar.
2. Ísland skal enn fremur taka aftur við:
 - ógiftum börnum þeirra einstaklinga sem tilgreindir eru í 1. mgr. þessarar greinar undir 18 ára aldrí, án tillits til fæðingarstaðar þeirra eða ríkisfangs, nema þau hafi sjálfstæðan búseturétt í Georgíu eða hitt foreldrið hafi slíkan sjálfstæðan búseturétt, enda fari það með forsjá yfir börnunum sem um er að ræða,
 - mökum þeirra einstaklinga sem tilgreindir eru í 1. mgr. þessarar greinar, sem hafa annað ríkisfang, að því tilskildu að þeir hafi rétt til að koma til og dvelja á, eða öðlist rétt til að koma til og dvelja á, yfirráðasvæði Íslands, nema þeir hafi sjálfstæðan búseturétt í Georgíu eða Ísland geti sýnt fram á að hjónaband þeirra sé ekki viðurkennt samkvæmt íslenskum lögum.
3. Ísland skal einnig taka aftur við einstaklingum sem, í samræmi við íslensk lög, hafa verið sviptir, eða hafa afsalað sér, íslensku ríkisfangi frá því að þeir komu á yfirráðasvæði Georgíu, nema Georgía hafi í það minnsta heitið þeim ríkisfangi.
4. Eftir að Ísland hefur gefið jákvætt svar við beiðni um endurviðtöku eða, eftir því sem við á, eftir að frestirnir, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr., eru liðnir skal til þess bær sendi- eða ræðis-skrifstofa Íslands, óháð vilja þess einstaklings sem til stendur að taka aftur við, gefa út, innan þriggja virkra daga, nauðsynleg ferðaskilríki vegna endursendingar þess einstaklings sem til stendur að taka aftur við og skal gildistími þess vera þrír mánuðir. Hafi Ísland ekki gefið ferðaskilríkin út innan þriggja virkra daga skal litið svo á að Ísland samþykki að notuð séu stöðluð ferðaskilríki vegna brottvísunar sem Georgía gefur út.
5. Ef eigi reynist unnt, af lagalegum eða sannreyndum ástæðum, að flytja viðkomandi einstakling á gildistíma þeirra ferðaskilríkja sem voru upphaflega gefin út skal til þess bær sendi- eða ræðis-skrifstofa Íslands, innan þriggja virkra daga, gefa út ný ferðaskilríki með sama gildistíma. Hafi Ísland ekki gefið ferðaskilríkin út innan þriggja virkra daga skal litið svo á að Ísland samþykki að notuð séu stöðluð ferðaskilríki vegna brottvísunar sem Georgía gefur út.

6. gr.

Endurviðtaka ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga.

1. Ísland skal, að fram kominni beiðni Georgíu og án frekari formsatriða af hálfu Georgíu en þeirra sem kveðið er á um í samningi þessum, taka aftur við öllum ríkisborgurum þriðju landa eða ríkisfangslausum einstaklingum sem uppfylla ekki, eða uppfylla ekki lengur, skilyrði sem gilda um komu til, viðveru á eða búsetu á yfirráðasvæði Georgíu, að því tilskildu að unnt sé að sýna fram á, í samræmi við 10. gr., að viðkomandi einstaklingar:
 - a) hafi, þegar beiðnin um endurviðtöku er lögð fram, gilda vegabréfsáritun sem Ísland hefur gefið út og hafi komið til georgíks yfirráðasvæðis beint frá yfirráðasvæði Íslands eða
 - b) hafi dvalarleyfi sem Ísland gefur út eða

- c) hafi komið ólöglega og beina leið inn á georgískt yfírráðasvæði eftir dvöl á eða gegnumferð um yfírráðasvæði Íslands.
- 2. Endurviðtökuskyldan skv. 1. mgr. gildir ekki ef:
 - a) hlutaðeigandi ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur hefur einungis farið um flugsvæði á alþjóðaflugvelli á Íslandi eða
 - b) Georgía hefur gefið út vegabréfsáritun til handa hlutaðeigandi ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi til komu á georgískt yfírráðasvæði eða dvalarleyfi fyrir eða eftir komu hans inn á yfírráðasvæði þess, nema sá einstaklingur hafi vegabréfsáritun eða dvalarleyfi, sem Ísland hefur gefið út, sem hefur lengri gildistíma eða
 - c) hlutaðeigandi ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur hafði aðgang að yfírráðasvæði Georgíu án vegabréfsáritunar eða
 - d) ríkið, sem beiðni er beint til, hefur vísað viðkomandi ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi úr landi til upprunaríkis hans eða til þriðja ríkis.
- 3. Eftir að Ísland hefur gefið jákvætt svar við beiðni um endurviðtöku eða, eftir því sem við á, eftir að frestirnir, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr., eru liðnor skulu íslensk stjórnvöld, ef nauðsyn krefur, gefa út, innan þriggja virkra daga, nauðsynleg ferðaskilríki til handa einstaklingnum, sem samþykkt hefur verið að taka við aftur, svo að hann geti snúið aftur og skal gildistími þeirra vera allt að þrír mánuðir. Hafi Ísland ekki gefið ferðaskilríkin út innan þriggja virkra daga skal litið svo á að Ísland samþykki að notuð séu stöðluð ferðaskilríki vegna brottvisunar sem Georgía gefur út.
- 4. Ef eigi reynist unnt, af lagalegum eða sannreyndum ástæðum, að flytja hlutaðeigandi einstakling á gildistíma þeirra ferðaskilríkja sem voru upphaflega gefin út skulu íslensk stjórnvöld framlengja, innan þriggja virkra daga, gildistíma ferðaskilríkjanna eða, ef nauðsyn krefur, gefa út ný ferðaskilríki með sama gildistíma. Hafi Ísland ekki gefið ferðaskilríkin út innan þriggja virkra daga skal litið svo á að Ísland samþykki að notuð séu stöðluð ferðaskilríki vegna brottvisunar sem Georgía gefur út.

III. ÞÁTTUR Endurviðtokuferlið.

7. gr.

Meginreglur.

- 1. Samningsaðilarnir skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að senda einstakling, sem um getur í 4. og 6. gr., beint til upprunalands síns. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki um tilvik þar sem flýtimeðferð á við í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar.
- 2. Nauðsynlegt er, með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. þessarar greinar, að leggja fram beiðni um endurviðtöku hjá hlutaðeigandi lögbærri stjórnvaldi þess ríkis sem beiðni er beint til vegna flutnings einstaklings sem til stendur að taka við aftur á grundvelli einhverra þeirra skuldbindinga er um getur í 3.–6. gr.
- 3. Hafi sá einstaklingur, sem til stendur að taka við aftur, gild ferðaskilríki eða kennivottorð skal flutningur slíks einstaklings fara fram án þess að ríkið, sem leggur fram beiðni, þurfi að senda beiðni um endurviðtöku eða skriflega tilkynningu, eins og um getur í 1. mgr. 12. gr., til viðkomandi lögbærars stjórnvalds í því ríki sem beiðni er beint til.
Undirgreinin hér að framan hefur ekki áhrif á rétt viðkomandi stjórnvalda til að sannreyna deili á einstaklingum, sem tekið er við aftur, við landamærin.
- 4. Með fyrirvara um 3. mgr. þessarar greinar, hafi ríkið sem leggur fram beiðni handtekið einstakling á landamærasvæði eftir að hann hefur komið yfir landamærin með ólöglegum hætti beint frá yfírráðasvæði þess ríkis sem beiðni er beint til, getur fyrn nefnt ríki sent beiðni um endurviðtöku innan þriggja virkra daga frá því að viðkomandi einstaklingur var handtekinn (flýtimeðferð).

8. gr.

Efni beiðni um endurviðtöku.

- 1. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í beiðni um endurviðtöku að því marki sem því verður við komið:

- a) einstök atriði viðvígjandi þeim einstaklingi sem til stendur að taka við aftur (t.d. eiginnöfn, kenninöfn, fæðingardagur og -ár og, ef vitað er, fæðingarstaður og síðasti búsetustaður) og, eftir atvikum, einstök atriði viðvígjandi ógiftum börnum undir 18 ára aldri og/eða maka,
 - b) ef um eigin ríkisborgara er að ræða, ábending um með hvaða hætti sannanir eða óræk sönnun við fyrstu sýn fyrir ríkisfangi viðkomandi verði lögð fram, eins og fram kemur í 1. og 2. viðauka, eftir því sem við á,
 - c) ef um ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausa einstaklinga er að ræða, ábending um með hvaða hætti lagðar verði fram sannanir eða óræk sönnun við fyrstu sýn fyrir því að skilyrði séu uppfyllt fyrir endurviðtöku ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga, eins og fram kemur í 3. og 4. viðauka, eftir því sem við á,
 - d) ljósmynd af þeim einstaklingi sem til stendur að taka aftur við,
 - e) fingraför.
2. Eftirfarandi upplýsingar skulu og koma fram í beiðni um endurviðtöku að því marki sem því verður við komið:
 - a) yfirlýsing sem gefur til kynna að sa einstaklingur sem til stendur að flytja kunni að þarfnað aðstoðar eða umönnunar, að því tilskildu að viðkomandi einstaklingur hafi samþykkt yfirlýsinguna með skýrum hætti,
 - b) hvers kyns önnur vernd, öryggisráðstöfun eða upplýsingar um heilsufar viðkomandi einstaklings sem kunna að vera nauðsynlegar í einstöku tilviki flutnings.
 3. Með fyrirvara um 3. mgr. 7. gr. skal sérhver beiðni um endurviðtöku vera skrifleg og nota skal almennt eyðublað sem fylgir í 5. viðauka við samning þennan.
 4. Heimilt er að senda beiðni um endurviðtöku um hvaða samskiptamiðil sem er, þ.m.t. með rafrænum hætti, s.s. um bréfasíma, með tölvupósti o.s.frv. Aðilinn sem beiðni er beint til ætti að staðfesta móttöku beiðninnar eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir móttöku hennar.
 5. Með fyrirvara um 2. mgr. 11. gr. skal svara beiðni um endurviðtöku skriflega.

9. gr.

Sönnunargögn um ríkisfang.

1. Unnt er að leggja fram sönnun á ríkisfangi skv. 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. með þeim skjölum og skilríkjum sem talin eru upp í 1. viðauka við samning þennan. Ef fyrnefnd skjöl og skilríki eru lögð fram skal Ísland eða Georgía, eftir því sem við á, viðurkenna ríkisfangið að því er samning þennan varðar. Eigi er unnt að sanna ríkisfang með fölsuðum skilríkjum.
2. Óræka sönnun við fyrstu sýn á ríkisfangi, skv. 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr., skal einkum láta í té með einhverjum þeirra skjala og skilríkja sem eru talin upp í 2. viðauka við samning þennan, jafnvel þótt gildistími þeirra sé útrunninn. Ef fyrnefnd skjöl og skilríki eru lögð fram skulu Ísland og Georgía líta svo á að ríkisfang viðkomandi einstaklings sé staðfest að því er samning þennan varðar, nema ríkið sem leggur fram beiðni sýni fram á annað í kjölfar rannsóknar og innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í 11. gr. Eigi er unnt að láta í té óræka sönnun við fyrstu sýn fyrir ríkisfangi með fölsuðum skjölum og skilríkjum.
3. Sé eigi unnt að leggja fram neitt af þeim skjölum eða skilríkjum sem talin eru upp í 1. eða 2. viðauka skulu til þess bærar sendi- eða ræðisskrifstofur hlutaðeigandi ríkis, sem beiðni er beint til, að fram kominni beiðni þess ríkis sem leggur fram beiðni, sem fram kemur í endurviðtöku beiðninni, og óháð vilja þess einstaklings sem til stendur að taka aftur við, gera ráðstafanir til þess að eiga viðtal við þann einstakling innan sjö virkra daga frá þeim degi sem beiðnin var lögð fram, í því skyni að staðfesta ríkisfang fyrnefnds einstaklings.

10. gr.

Sönnunargögn er varða ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausa einstaklinga.

1. Sannanir fyrir því að skilyrði séu uppfyllt fyrir endurviðtöku ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 6. gr., skal sér í lagi láta í té með því að framvísa einhverjum þeim sönnunargönum sem eru talin upp í 3. viðauka

við samning þennan. Eigi er unnt að láta í té sannanir fyrir því að skilyrði séu uppfyllt fyrir endurviðtöku með því að framvísa fölsuðum skilríkjum.

2. Óræka sönnun við fyrstu sýn fyrir því að skilyrði séu uppfyllt fyrir endurviðtöku ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausrá einstaklinga, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 6. gr., skal einkum láta í té með því að framvísa einhverjum þeim sönnunargögnum sem eru talin upp í 4. viðauka við samning þennan. Slíka sönnun er eigi unnt að láta í té með því að framvísa fölsuðum skilríkjum. Ef fyrnefnd óræk sönnun við fyrstu sýn er lögð fram skulu Ísland og Georgía líta svo á að skilyrðunum sé fullnægt, nema ríkið sem leggur fram beiðni sýni fram á annað í kjölfar rannsóknar og innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í 11. gr.
3. Sýna ber fram á ólöglega komu, viðveru eða búsetu með ferðaskilríkjum viðkomandi einstaklings þar sem nauðsynlega vegabréfsáritun eða annað dvalarleyfi, á yfirráðasvæði þess ríkis sem leggur fram beiðni, vantar. Skrifleg yfirlýsing þess ríkis sem leggur fram beiðni, þess efnis að komið hafi í ljós að viðkomandi einstaklingur hafi ekki nauðsynleg ferðaskilríki, vegabréfsáritun eða dvalarleyfi, telst einnig óræk sönnun við fyrstu sýn um ólöglega komu, viðveru eða búsetu.

11. gr.

Tímamörk.

1. Beiðni um endurviðtöku skal leggja fram hjá hinu lögbæra stjórnvaldi þess ríkis sem beiðni er beint til eigi síðar en sex mánuðum eftir að lögbært stjórnvald þess ríkis sem leggur fram beiðni fær vitnesku um að ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfanglaus einstaklingur uppfylli ekki, eða uppfylli ekki lengur, þau skilyrði sem gilda um komu, viðveru eða búsetu.
Séu lagalegar eða sannreyndar hindranir í vegi þess að beiðnin verði lögð fram tímanlega skal, að beiðni ríkisins sem leggur fram beiðnina, framlengja frestinn en aðeins þar til hindranir eru ekki lengur í vegi.
2. Skylt er að svara beiðni um endurviðtöku skriflega:
 - innan fimm virkra daga hafi beiðnin komið fram samkvæmt flýtimeðferð (4. mgr. 7. gr.),
 - án ótilhlýðilegrar tafar og að minnsta kosti innan 12 almanaksdaga í öllum öðrum tilvikum.
Séu lagalegar eða staðreyndar hindranir í vegi fyrir því að beiðninni verði svarað tímanlega er heimilt að framlengja frestinn, að fram kominni beiðni og rökstuðningi fyrir því, um allt að 25 almanaksdaga.
Þessi frestur hefst daginn sem tekið er við beiðni um endurviðtöku. Hafi svar ekki borist innan þess frests telst flutningurinn hafa verið samþykktur.
Heimilt er að senda svar við beiðni um endurviðtöku um hvaða samskiptamiðil sem er, þ.m.t. með rafrænum hætti s.s. um bréfasíma, með tölvupósti o.s.frv.
3. Eftir að samþykki hefur verið veitt eða, ef við á, eftir að frestirnir, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar, eru liðnir skal flytja viðkomandi einstakling innan þriggja mánaða. Að beiðni þess ríkis sem leggur fram beiðnina er heimilt að framlengja þennan frest um allt að sex mánuði meðan verið er að yfirstiga lagalegar hindranir eða hindranir sem lúta að framkvæmd.
4. Ástæður synjunar við endurviðtökubeiðni skulu gefnar skriflega.

12. gr.

Aðferðir við flutning og flutningsmáti.

1. Áður en viðkomandi einstaklingur er endursendur skulu lögbær stjórnvöld þess ríkis sem leggur fram beiðni tilkynna skriflega, með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. 7. gr., lögbærum stjórnvöldum þess ríkis sem beiðni er beint til og með þriggja virkra daga fyrirvara um flutningsdag, landamæra-stöð, hugsanlega fylgdarmenn og aðrar upplýsingar sem varða flutninginn.
2. Flutningur getur farið fram loftleiðis, landleiðis eða sjóleiðis. Endursending loftleiðis einskorðast ekki við þjónustu innlendra flutningafyrirtækja samningsaðilanna og getur farið fram með áætluunarflugi eða leiguflugi. Þegar endursending fer fram með aðkomu fylgdarmanna takmarkast slíkir fylgdarmenn ekki við þá sem ríkið, sem leggur fram beiðni, viðurkennir, að því tilskildu að þeir séu einstaklingar sem Georgía eða Ísland viðurkennir.

13. gr.

Röng endurviðtaka.

Ríkið, sem leggur fram beiðni, skal heimila að sérhver einstaklingur, sem það ríki sem beiðni er beint til hefur tekið við aftur, komi til baka komi í ljós innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi einstaklingur var fluttur, og innan 12 mánaða ef um er að ræða ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausa einstaklinga, að þær kröfur sem mælt er fyrir um í 3.–6. gr. samnings þessa hafi ekki verið uppfylltar.

Ef þannig háttar til, og að undanskildum öllum kostnaði við flutning hlutaðeigandi einstaklings, sem ríkið, sem leggur fram beiðni, eins og um getur í málsgreininni hér að framan, skal bera, gilda verklagsreglur samnings þessa að breyttu breytanda og skal láta í té allar fyrirliggjandi upplýsingar um raunveruleg deili á þeim einstaklingi sem til stendur að taka til baka og um ríkisfang hans.

IV. ÞÁTTUR Gegnumferð.

14. gr.

Meginreglur um gegnumferð.

1. Samningsaðilar ættu að beina ríkisborgurum þriðju landa eða ríkisfangslausum einstaklingum í gegnumferð í tilvikum þar sem eigi reynist unnt að endursenda fyrrnefnda einstaklinga beint til ákvörðunarríkis.
2. Það ríki sem beiðni er beint til skal heimila gegnumferð ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga, fari ríkið sem leggur fram beiðni fram á það, ef áframhaldandi för um hugsanleg önnur gegnumferðarríki og endurviðtaka af hálfu ákvörðunarríkis eru tryggðar.
3. Samningsaðilar geta synjað um gegnumferð:
 - a) ef raunveruleg hætta er á að hlutaðeigandi ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur sæti pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu eða hljóti dauðadóm eða sæti ofskónum vegna kynþáttar síns, trúarbragða, þjóðernis eða vegna þess að hann tilheyrir tilteknum þjóðfélagshópi eða sakir stjórnálaskoðana sinna í ákvörðunarríkinu eða öðru gegnumferðarríki eða
 - b) ef saksækja á hlutaðeigandi ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausan einstakling í því ríki sem beiðni er beint til eða í öðru gegnumferðarríki eða
 - c) af ástæðum er varða lýðheilsu, þjóðaröryggi, allsherjarreglu eða aðra þjóðarhagsmuni þess ríkis sem beiðni er beint til.
4. Samningsaðilar geta afturkallað sérhverja heimild, sem hefur verið gefin út, ef aðstæður þær er um getur í 3. mgr. þessarar greinar koma upp eða í ljós síðar meir og koma í veg fyrir framkvæmd gegnumferðar eða ef áframhaldandi för um hugsanleg gegnumferðarríki eða endurviðtaka af hálfu ákvörðunarríkis er ekki lengur tryggð. Ef þannig háttar til skal ríkið, sem leggur fram beiðnina, taka aftur við hlutaðeigandi ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi, eftir því sem nauðsyn krefur og án tafar.

15. gr.

Framgangur gegnumferðar.

1. Beiðni um framkvæmd gegnumferðar skal send skriflega lögbæru stjórnvaldi þess ríkis sem beiðni er beint til og skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í henni:
 - a) um hvers konar gegnumferð er að ræða (loftleiðis, sjóleiðis eða landleiðis), önnur hugsanleg gegnumferðarríki og fyrirhugaður lokaákvörðunarstaður,
 - b) einstök atriði viðvirkjandi viðkomandi einstaklingi (t.d. eiginnafn, kenninafn, kenninafn konu fyrir giftingu, önnur nöfn sem hlutaðeigandi notar eða er þekktur undir eða tökuheiti, fæðingardagur og -ár, kyn og – ef vitað er – fæðingarstaður, ríkisfang, tungumál, gerð og númer ferðaskilríkja),
 - c) hver fyrirhuguð landamærastöð sé, hvenær flutningurinn fari fram og um hugsanlega aðkomu fylgdarmanna,
 - d) yfirlýsing þess efnis að ríkið, sem leggur fram beiðni, líti svo á að skilyrðum 2. mgr. 14. gr. sé fullnægt og að engar ástæður séu þekktar fyrir synjun skv. 3. mgr. 14. gr.

Almennt eyðublað, sem ber að nota þegar sótt er um gegnumferð, fylgir sem 6. viðauki við samning þennan.

Heimilt er að senda beiðni um gegnumferð um hvaða samskiptamiðil sem er, þ.m.t. með rafraenum hætti, s.s. um bréfasíma, með tölvupósti o.s.frv.

2. Ríkið, sem beiðni er beint til, skal innan fimm virkra daga frá viðtöku beiðni tilkynna lögbær stjórnvaldi skriflega í því ríki, sem leggur fram beiðni, um viðtöku og staðfesta um hvaða landamærastöð verði að ræða og hvenær sé fyrirhugað að viðtaka fari fram eða tilkynna því um synjun um viðtöku og ástæður þeirrar synjunar. Hafi svar ekki borist innan fimm virkra daga telst gegnumferðin hafa verið samþykkt.
- Heimilt er að senda svar við beiðni um gegnumferð um hvaða samskiptamiðil sem er, þ.m.t. með rafraenum hætti, s.s. um bréfasíma, með tölvupósti o.s.frv.
- Fari gegnumferð fram loftleiðis skulu sá einstaklingur, sem til stendur að taka við aftur, og hugsanlegir fylgdarmenn hans undanþegnir því að verða sér úti um vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn.
- Lögbær stjórnvöld þess ríkis sem beiðni er beint til skal, með fyrirvara um gagnkvæmt samráð, aðstoða við framkvæmd gegnumferðar, einkum með eftirliti með viðkomandi einstaklingum og með því að leggja til viðeigandi aðstöðu til þess.

V. ÞÁTTUR Kostnaður.

16. gr.

Flutningskostnaður og kostnaður vegna gegnumferðar.

Með fyrirvara um þann rétt viðkomandi lögbærra stjórnvalda að krefja einstakling, sem til stendur að taka við aftur, þ.m.t. þá einstaklinga sem um getur í 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 5. gr., eða þriðju aðila um endurgreiðslu kostnaðar samfara endurviðtöku skal ríkið, sem leggur fram beiðni, bera allan flutningskostnað, sem hlýst af framkvæmd endurviðtöku og gegnumferðar samkvæmt samningi þessum, alla leið að landamærastöð ríkisins sem beiðni er beint til, þegar um er að ræða beiðnir skv. I. og II. þætti samningsins, eða alla leið að landamærum ríkis lokaákvörðunarstaðar, þegar um er að ræða beiðnir skv. IV. þætti samningsins.

VI. ÞÁTTUR Gagnavernd og hlutleysísákvæði.

17. gr.

Gagnavernd.

Senda ber persónuupplýsingar aðeins ef slíkt er nauðsynlegt vegna framkvæmdar lögbærra stjórnvalda í Georgíu eða á Íslandi, eftir því sem við á, á samningi þessum. Vinnsla og meðferð persónuupplýsinga í einstaka máli skulu háðar landslögum Georgíu og Íslands. Auk þessa gilda eftirfarandi meginreglur:

- a) vinna skal úr persónuupplýsingum á samngjarnan og löglegan hátt,
- b) safna ber persónuupplýsingum í þeim sérstaka, skýra og lögmæta tilgangi að framkvæma samning þennan og skal hvorki það stjórnvald sem sendir upplýsingarnar né það sem tekur við þeim vinna frekar úr þeim með þeim hætti að samrýmist ekki þeim tilgangi,
- c) persónuupplýsingar skulu vera fullnægjandi, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er með tilliti til þess tilgangs sem söfnun þeirra og/eða frekari úrvinnsla þjónar; nánar tiltekið skulu sendar persónuupplýsingar einvörðungu varða eftirfarandi:
 - einstök atriði varðandi þann einstakling sem til stendur að flytja (t.d. kenninöfn, eiginnöfn, fyrri nöfn, önnur nöfn sem viðkomandi notar eða er þekktur undir eða tökuheiti, kyn, borgaralega réttarstöðu, fæðingardag og -ár og fæðingarstað, núverandi ríkisfang og fyrra ríkisfang ef um það er að ræða),
 - vegabréf, kennivottord eða ökusírteini (númer, gildistíma, útgáfudag, yfirvald sem gaf skilríkin út, útgáfustað),
 - viðdvöl (e. stop-overs) og ferðaáætlanir,

- aðrar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að bera kennsl á þann einstakling sem til stendur að flytja eða upplýsingar sem til þarf í því skyni að kanna allar kröfur viðvígjandi endurviðtöku samkvæmt samningi þessum,
- d) persónuupplýsingar skulu vera nákvæmar og uppfærðar ef nauðsyn krefur,
- e) geyma ber persónuupplýsingar í því formi sem gerir ókleift að bera kennsl á þá sem þær varða lengur en nauðsynlegt er í þeim tilgangi sem upplýsingunum var safnað eða í þeim tilgangi sem frekari vinnsla þeirra útheimtir,
- f) lögbært stjórnvald sem sendir upplýsingarnar og lögbært stjórnvald, sem tekur við þeim, skulu bæði gera allar ráðstafanir, sem eðlilegt má teljast, til þess að tryggja, með viðunandi hætti, að persónuupplýsingar séu leiðréttar, þeim eytt eða settar á þær aðgangshindranir ef vinnsla þeirra uppfyllir ekki ákvæði þessarar greinar, einkum vegna þess að fyrnefndar upplýsingar eru ófullnægjandi, óviðeigandi eða ónákvæmar eða vegna þess að þær ná út fyrir það sem stefnt er að með vinnslunni. Þetta tekur einnig til þess að senda hinum samningsaðilanum tilkynningu í hvert sinn sem upplýsingarnar eru lagfærðar, þeim er eytt eða aðgangur að þeim hindraður,
- g) stjórnvaldið, sem tekur við persónuupplýsingum, skal, að fram kominni beiðni þar um, tilkynna því stjórnvaldi sem sendir upplýsingarnar um notkun þeirra upplýsinga sem sendar hafa verið og hvaða niðurstöðum þær skiluðu,
- h) eingöngu er heimilt að senda viðkomandi lögbærum stjórnvöldum persónuupplýsingar. Frekari sending til annarra aðila er háð fyrirframsamþykki þess stjórnvalds sem sendir upplýsingarnar,
- i) stjórnvaldið sem sendir persónuupplýsingar og stjórnvaldið, sem tekur við þeim, eru skuldbundin til þess að halda skrá yfir sendingu og viðtöku persónuupplýsinga.

18. gr.

Hlutleysisákvæði.

1. Samningur þessi er með fyrirvara um réttindi, skyldur og ábyrgð samningsaðilanna að þjóðarétti, þ.m.t. samkvæmt alþjóðasamningum sem þeir eru aðilar að, einkum:
 - samningnum frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna eins og honum var breytt með bókuninni frá 31. janúar 1967 um réttarstöðu flóttamanna,
 - Evrópusáttmálanum frá 4. nóvember 1950 um verndun mannréttinda og mannfrelsíss,
 - samningnum frá 10. desember 1984 gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu,
 - alþjóðasamningum um framsal og gegnumferð.
2. Ekkert í samningi þessum kemur í veg fyrir endursendingu einstaklings samkvæmt öðru formlegu eða óformlegu samkomulagi.

VII. ÞÁTTUR

Framkvæmd og beiting.

19. gr.

Sameiginleg nefnd um endurviðtöku.

1. Samningsaðilar skulu veita hvor öðrum gagnkvæma aðstoð við beitingu og túlkun samnings þessa. Í því skyni skulu samningsaðilar koma á fót sameiginlegri nefnd um endurviðtöku (hér á eftir nefnd „nefndin“) sem mun einkum gegna því hlutverki:
 - a) að fylgjast með beitingu ákvæða samnings þessa,
 - b) að leysa álitaefni sem rísa um túlkun eða beitingu ákvæða samnings þessa,
 - c) að leggja til breytingar á samningi þessum og viðaukum við hann.
2. Nefndin skal koma saman, eftir því sem þörf krefur, að beiðni annars samningsaðilans.
3. Deilur, sem nefndin getur ekki leyst úr, skal leysa með samráði milli samningsaðila.

20. gr.

Framkvæmdarákvæði.

1. Samningsaðilar skulu, innan 30 almanaksdaga frá gildistökudegi þessa samnings, tilkynna hvor öðrum eftir diplómatískum leiðum um lögbær stjórnvöld, samskiptaupplýsingar þeirra og landamærastöðvar.

Nr. 26

5. júlí 2021

2. Samningsaðilarnir skulu tilkynna hvor öðrum, án tafar og eftir diplómatískum leiðum, um allar breytingar sem verða viðvíkjandi lögbærum stjórnvöldum, samskiptaupplýsingum þeirra og landamærastöðvum er um getur í 1. mgr. þessarar greinar.
3. Öll samskipti milli samningsaðila skulu fara fram á ensku.
4. Að beiðni Georgíu eða Íslands skal Georgía eða Ísland semja bókun um framkvæmd sem skal meðal annars innihalda reglur um:
 - a) skilyrði fyrir endurkomu með fylgdarmönnum, m.a. gegnumferð ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra manna með fylgdarmönnum,
 - b) aðferðir, skjöl og skilríki, auk þeirra sem eru talin upp í 1.–4. viðauka við samning þennan,
 - c) fyrirkomulag endurviðtoku samkvæmt flýtimeðferð,
 - d) verklag þegar viðtöl fara fram.

21. gr.

Breytingar og viðbætur.

Heimilt er að innleiða breytingar og viðbætur í samninginn með gagnkvæmu samþykki samningsaðilanna og skulu þær gerðar í formi aðskilinna bókana sem skulu vera óaðskiljanlegur hluti samnings þessa og öðlast gildi í samræmi við 23. gr. hans.

VIII. ÞÁTTUR Lokaákvæði.

22. gr.

Svæðisbundið gildissvið.

Samningur þessi skal gilda á yfirráðasvæði Georgíu og yfirráðasvæði Íslands.

23. gr.

Gildistaka, gildistími og samningsslit.

1. Samningsaðilar skulu fullgilda eða samþykkja samning þennan í samræmi við málsmeðferð hvors um sig.
2. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir þann dag þegar samningsaðilar tilkynna hvor öðrum að málsmeðferðinni, er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sé lokið.
3. Samningur þessi er gerður til ótiltekins tíma.
4. Hvor samningsaðili um sig getur sagt upp samningi þessum með því að tilkynna hinum samningsaðilanum um það formlega. Samningur þessi fellur úr gildi sex mánuðum eftir dagsetningu fyrr-nefndrar tilkynningar.

24. gr.

Viðaukar.

Ákvæði 1.–6. viðauka eru óaðskiljanlegur hluti samnings þessa.

Gjört í New York hinn 22. september 2017 í tvíriti á íslensku, georgísku og ensku og eru allir textar jafngildir. Ef um ræðir misräemi milli frummálsútgáfa skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd Íslands
Guðlaugur Þór Þórðarsson

Fyrir hönd Georgíu
Mikheil Janelidze

1. VIÐAUKI

**Sameiginleg skrá yfir skjöl og skilríki sem við framvísun teljast sanna ríkisfang
(3. gr. (1. mgr.), 5. gr. (1. mgr.) og 9. gr. (1. mgr.)).**

- Hvers kyns vegabréf (ríkisvegabréf, diplómatísk vegabréf, þjónustuvegabréf, sameiginleg vega-bréf og önnur skilríki sem koma í stað vegabréfa, þ.m.t. vegabréf barna),
- kennivottorð (m.a. tímabundið og til bráðabirgða),
- vottorð um ríkisfang og önnur opinber skilríki þar sem minnst er á ríkisfang eða það gefið skýrt til kynna.

2. VIÐAUKI

**Sameiginleg skrá yfir skjöl og skilríki sem við framvísun
teljast óræk sönnun við fyrstu sýn fyrir ríkisfangi
(4. gr. (1. mgr.), 6. gr. (1. mgr.) og 10. gr. (2. mgr.)).**

- skjöl og skilríki sem talin eru upp í 1. viðauka með gildistíma sem hefur verið útrunninn lengur en 6 mánuði,
- ljósrit af einhverjum þeirra skjala og skilríkja sem eru talin upp í 1. viðauka við samning þennan, ökuskríteini eða ljósrit af þeim,
- fæðingarvottorð eða ljósrit af þeim,
- kennivottorð fyrirtækja eða ljósrit af þeim,
- yfirlýsingar vitna,
- yfirlýsingar viðkomandi einstaklings og það tungumál sem hann talar, sem m.a. er fengið fram með niðurstöðu úr opinberu prófi,
- öll önnur skjöl og skilríki sem geta komið að gagni við að staðfesta ríkisfang viðkomandi ein-staklings,
- þjónustubréf og herkennivottorð,
- sjóferðabækur og þjónustubréf skipstjóra,
- staðfesting á deilum á einstaklingi í kjölfar leitar sem er gerð í upplýsingakerfinu um vegabréfs-áritanir (VIS).

3. VIÐAUKI

**Sameiginleg skrá yfir skjöl sem teljast sanna að skilyrði séu uppfyllt
fyrir endurviðtöku ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga
(4. gr. (1. mgr.), 6. gr. (1. mgr.) og 10. gr. (1. mgr.)).**

- vegabréfsáritun og/eða dvalarleyfi sem það ríki sem beiðni er beint til gefur út,
- komu- og/eða brottfararstimpill eða álíka áritun í ferðaskilríki viðkomandi einstaklings eða önnur sönnun um komu og/eða brottför (t.d. í formi ljósmýnda).

4. VIÐAUKI

**Sameiginleg skrá yfir skjöl sem teljast óræk sönnun við fyrstu sýn fyrir því að skilyrði
fyrir endurviðtöku ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga séu uppfyllt
(4. gr. (1. mgr.), 6. gr. (1. mgr.) og 10. gr. (2. mgr.)).**

- lýsing, sem viðkomandi stjórnvöld þess ríkis sem leggur fram beiðni gefur út, á þeim stað og við þær aðstæður þegar viðkomandi einstaklingur hefur verið stöðvaður eftir að hafa komið inn á yfirráðasvæði fyrrnefnis ríkis,
- upplýsingar varðandi deili á einstaklingi og/eða dvöl hans sem alþjóðastofnun hefur látið í té (t.d. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna),
- skýrslur og/eða staðfesting á upplýsingum frá aðstandendum, ferðafélögum o.s.frv.,
- yfirlýsing hlutaðeigandi einstaklings,
- upplýsingar þar sem kemur fram að viðkomandi einstaklingur hafi nýtt sér þjónustu hraðsendingsfyrirtækis eða ferðaskrifstofu,
- opinber skrifleg greinargerð um yfirlýsingar sem gefnar eru, einkum af starfsmönnum landamærayfirvalds og öðrum vitnum sem geta borið um að viðkomandi einstaklingur hafi farið yfir þau landamæri sem um er að ræða,
- opinber skrifleg greinargerð um yfirlýsingu hlutaðeigandi einstaklings í dóms- eða stjórnsýslumáli,
- hvers kyns skilríki, vottorð og reikningar (t.d. hótelreikningar, tímapantanir hjá læknum og/eða tannlæknum, aðgangskort opinberra eða einkarekinna stofnana, bílaleigusamningar, greiðslukortakvittanir o.s.frv.) sem sýna, svo eigi verður um villst, að viðkomandi einstaklingur dvaldi á yfirráðasvæði þess ríkis sem beiðni er beint til,
- farseðlar með nafni viðkomandi einstaklings og/eða farþegaskrár loftfara, lesta, langferðabifreiða eða skipa sem sýna viðveru og ferðaáætlun hans á yfirráðasvæði þess ríkis sem beiðni er beint til.

Nr. 26

5. júlí 2021

5. VIÐAUKI

[Tákn Íslands]

[Tákn Georgíu]

.....
(Heiti stjórnvalds sem leggur fram beiðni)

.....
(Staður og dagsetning)

Tilvísun:

Til:

.....

.....

.....
(Heiti stjórnvalds sem beiðni er beint til)

- FLÝTIMEÐFERÐ (3. mgr. 7. gr.)
- VIÐTALSBEIÐNI (3. mgr. 9. gr.)

Nr. 26

5. júlí 2021

BEIÐNI UM ENDURVIÐTÖKU

skv. 8. gr. samningsins milli

Íslands og Georgíu

um endurviðtöku einstaklinga sem hafa búsetu án heimildar

A. PERSÓNUUPPLÝSINGAR

1. Fullt nafn (kenninafn skal undirstrikað)

.....
2. Kenninafn konu fyrir giftingu:

Ljósmynd

.....
3. Fæðingardagur og -ár og fæðingarstaður:

.....
4. Kyn og útlitslýsing (hæð, augnlitur, sérkenni o.s.frv.):

.....
5. Einnig nefnd/ur (fyrri nöfn, önnur nöfn sem hlutaðeigandi notar eða er þekktur undir eða tökuheiti):

.....
6. Ríkisfang og tungumál:

.....
7. Hjúskaparstaða: gift/giftur einhleyp/einhleypur fráskilin/fráskilinn ekkja/ekkill
Ef í hjónabandi: nafn maka

.....
Nöfn og aldur barna (ef um þau er að ræða)

.....
8. Síðasta heimilisfang í ríkinu sem beiðni er beint til:

B. PERSÓNUUPPLÝSINGAR UM MAKU (EF VIÐ Á)

1. Fullt nafn (kenninafn skal undirstikað)

.....
2. Kenninafn konu fyrir giftingu:

.....
3. Fæðingardagur og -ár og fæðingarstaður:

.....
4. Kyn og útlitslýsing (hæð, augnlitur, sérkenni o.s.frv.):

.....
5. Einnig nefnd/ur (fyrri nöfn, önnur nöfn sem hlutaðeigandi notar eða er þekktur undir eða tökuheiti):

.....
6. Ríkisfang og tungumál:

.....

Nr. 26

5. júlí 2021

C. PERSÓNUUPPLÝSINGAR UM BÖRN (EF VIÐ Á)

1. Fullt nafn (kenninafn skal undirstrikað):

.....
2. Fæðingardagur og -ár og fæðingarstaður:

.....
3. Kyn og útlitslýsing (hæð, augglitur, sérkenni o.s.frv.):

.....
4. Ríkisfang og tungumál:

D. SÉRSTAKAR AÐSTÆÐUR EINSTAKLINGS SEM ER FLUTTUR

1. Heilsufar (t.d. hugsanleg tilvísun til sérfraðimeðferðar, latneskt heiti smitsjúkdóms):

.....
2. Vísbending um að viðkomandi sé sérstaklega hættulegur (t.d. grunaður um alvarlegt brot, ofbeldishegðun):

E. MEÐFYLGJANDI SÖNNUNARGÖGN

1.	(vegabréfsnúmer) (útgáfudagur og -staður)
.....	(útgáfustjórnvald) (gildir til)
2.	(númer kennivottorðs) (útgáfudagur og -staður)
.....	(útgáfustjórnvald) (gildir til)
3.	(númer ökuskírteinis) (útgáfudagur og -staður)
.....	(útgáfustjórnvald) (gildir til)
4.	(númer annarra opinberra skilríkja) (útgáfudagur og -staður)
.....	(útgáfustjórnvald) (gildir til)

F. ATHUGASEMDIR

.....
.....
.....

.....
(Undirritun) (Innsigli/stimpill)

Nr. 26

5. júlí 2021

6. VIÐAUKI

[Tákn Íslands]

[Tákn Georgíu]

.....
(Heiti stjórnvalds sem leggur fram beiðni)

.....
(Staður og dagsetning)

Tilvísun

Til
.....
.....
.....
.....
(Heiti stjórnvalds sem beiðni er beint til)

BEIDNI UM GEGNUMFERÐ

skv. 15. gr. samningsins milli

Íslands og Georgíu

um endurviðtöku einstaklinga sem hafa búsetu án heimildar

A. Persónuupplýsingar

1. Fullt nafn (kenninafn skal undirstrikað):
.....

2. Kenninafn konu fyrir giftingu:
.....


3. Fæðingardagur og -ár og fæðingarstaður:
.....

4. Kyn og útlitslysing (hæð, augnlitur, sérkenni o.s.frv.):
.....

5. Einnig nefnd/ur (fyrri nöfn, önnur nöfn sem hlutaðeigandi notar eða er þekktur undir eða tökuheiti):
.....

6. Ríkisfang og tungumál:
.....

7. Gerð og númer ferðaskilríkja:
.....



Ljósmynd

B. GEGNUMFERÐ

1. Um hvers kyns gegnumferð er að ræða:

 loftleiðis landleiðis sjóleiðis

2. Það ríki sem er lokaákvörðunarstaður:
.....

3. Hugsanleg önnur gegnumferðarríki:
.....

4. Áætluð landamærastöð, dagsetning og tími flutnings og hugsanleg aðkoma fylgdarmanna:
.....

5. Viðtaka tryggð í sérhverju öðru gegnumferðarríki og því ríki sem er lokaákvörðunarstaður (2. mgr. 14. gr.)

 já nei

6. Er kunn einhver ástæða til þess að synja um gegnumferð (3. mgr. 14. gr.):

 já nei**C. ATHUGASEMDIR**

.....
.....

.....
(Undirritun) (Innsigli/stimpill)

Sameiginleg yfirlýsing varðandi 1. mgr. 7. gr.

Samningsaðilarnir koma sér saman um að til þess að sýna fram á að „allt sé gert sem í þeirra valdi stendur til að senda einstakling, sem um getur í 4. og 6. gr., beint til upprunlands síns“ ætti ríki sem leggur fram beiðni, samhliða því að leggja fram beiðni um endurviðtöku til ríkisins sem beiðni er beint til, einnig að leggja fram beiðni um endurviðtöku í upprunalandinu. Ríkið, sem beiðni er beint til, skal svara innan þeirra tímamarka sem um getur í 2. mgr. 11. gr. Ríkið, sem leggur fram beiðnina, skal tilkynna ríkinu, sem beiðninni er beint til, hvort jákvætt svar við beiðninni um endurviðtöku hafi borist í milltíðinni frá upprunalandinu. Ef ekki er unnt að komast að því hvert upprunalandið er og því ekki hægt að leggja fram beiðni um endurviðtöku í því landi ætti að tilgreina ástæður þessara aðstæðna í beiðni um endurviðtöku sem lögð er fram í ríkinu sem beiðni er beint til.

Nr. 26

5. júlí 2021

AGREEMENT
BETWEEN ICELAND AND GEORGIA ON
THE READMISSION OF PERSONS RESIDING WITHOUT AUTHORISATION

ICELAND

and

GEORGIA,

hereinafter referred to as “the Contracting Parties”,

DETERMINED to strengthen their co-operation in order to combat illegal immigration more effectively,

CONSIDERING the close relationship between Iceland and the European Union, particularly by virtue of the Agreement concluded on 18 May 1999 by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of these two States with the implementation, application and development of the Schengen *acquis*,

HAVING REGARD to the Agreement between Georgia the European Union of 22 November 2010 on readmission,

